



Lúxemborg, 30. október 2007

## FRÉTTATILKYNNING 07/2007

### **Dómur í máli E-2/07 – Eftirlitsstofnun EFTA gegn Noregi**

#### **NORSK LÖG UM LÍFEYRISSJÓÐ OPINBERRA STARFSMANNA BRJÓTA Í BÁGA VIÐ REGLUR EES-RÉTTAR UM JAFNRÉTTI KYNJANNA**

EFTA-dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu í dómi sem kveðinn var upp í dag að Noregur hafi brotið gegn skuldbindingum sínum samkvæmt EES-samningnum með því að viðhalda tilteknum ákvæðum norskra laga um lífeyrissjóð opinberra starfsmanna í gildi. Ákvæðin snerta starfsmenn sem gerðust meðlimir í sjóðnum fyrir 1. október 1976. Samkvæmt þeim skerðast lífeyrisgreiðslur til ekkla vegna annarra tekna þeirra, en lífeyrir til ekkna er ekki háður slíkri skerðingu. Í dóminum kemur fram að þessi regla brjóti gegn meginreglum EES-réttar um jafnrétti kynjanna að því er varðar launakjör og útreikning bóta.

Þegar málið kom fyrir EFTA-dómstólinn, eftir fimm ára viðræður milli Eftirlitsstofnunar EFTA og norska ríkisins, ákvað Noregur að halda ekki uppi vörnum í málinu og viðurkenna að hafa brotið gegn skuldbindingum sínum samkvæmt EES-samningnum.

Dóminn í heild sinn er að finna á vefslóð EFTA-dómstólsins: [www.eftacourt.lu](http://www.eftacourt.lu)

Fréttatilkynning þessi er ekki opinbert skjal. Dómurinn sjálfur gildir.